



345. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 19. október 2023 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson, Garðar Svansson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSí.

Teams: Úlfur H. Hróbjartsson og Kári Mímisson.

Forföll: Hörður Þorsteinsson Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson,

Forseti setti fund og stjórnáði honum.

### Dagskrá:

#### 1. Kynning á verkefninu „Allir með! – Farsælt samfélag fyrir alla, brúum bilið

Valdimar Gunnarsson verkefnastjóri ofangreinds samstarfsverkefnis ÍF, ÍSí og UMFÍ kynnti verkefnið og fór yfir það helsta sem gert hefur verið ásamt því að kynna næstu skref.

Valdimar sagði verkefnið kalla á hugarfarsbreytingu og samtal um úrlausnir og breytingar hjá öllum sem koma að málefningu.

Íþróttahreyfingin hefur tekið að sér framkvæmd verkefnisins, sem styrkt er fjárhagslega af þremur ráðuneytum. Hann fór yfir tölfræði yfir þátttöku fatlaðra iðkenda í íþróttahreyfingunni og sagði mikil tækifæri til bætinga og úrlausna. Eftir greiningu á stöðu mála þá hefur verið einblýnt á samstarf við fimm sveitarfélög og fundað með fulltrúum sveitarfélaga, íþróttafélaga, sambandsaðila, framhaldsskólum og háskólum á svæðinu til að tryggja að allir gangi í takt. Mikill samhugur hefur verið hjá þátttakendum um að finna leiðir til úrbóta og auka þátttöku fatlaðra í íþróttum.

Hann skýrði frá sjóði sem hefur verið settur á stofn og er hugsaður til að brúa bilið þar til hópar/verkefni um æfingar fatlaðra byggjast upp því það tekur talsverðan tíma að koma verkefni af þessu tagi á laggirnar og festa í sessi.

Heimasíða verkefnisins er í lokaferli en þar verða aðgengilegar upplýsingar um verkefnið, þau tilboð sem eru í boði fyrir fatlaða einstaklinga og upplýsingar varðandi ferli umsókna í hvatasjóðinn.

Hann sagði frá dæmum um vel heppnuð verkefni á þessu sviði, sem reynsla er komin á og litið er til varðandi skipulag og fyrirkomulag.

Rætt um mikilvægi þess að bæði ÍSí og UMFÍ hafi góða tengingu við verkefnið.

Forseti þakkaði Valdimar fyrir góða og fróðlega kynningu á verkefninu.

#### 2. Afrekssjóður ÍSí

Daníel Jakobsson formaður Afrekssjóðs ÍSí og Kári Steinn Reynisson rekstrarstjóri ÍSí kynntu drög að nýrri reglugerð sjóðsins, skýrðu frá ferli málsins og fundum sem hafa verið haldnir með sérsamböndum að undanfögnu.

Farið var yfir markmiðin með breytingunum og helstu þætti breytinganna. Einnig voru mælikvarðar skýrðir og farið yfir helstu áherslur í úthlutunum. Gert er ráð fyrir því að fækkað verði um einn flokk þannig að sérsambönd flokkist í tvo flokka en ekki þrjá eins og verið hefur.

Forseti og formaður Afrekssjóðs skýrðu frá fundi sem haldinn var fyrr í dag með fulltrúum frá KSÍ um málefni Afrekssjóðs ÍSÍ.

Umræður urðu um breytingarnar og þau áhrif sem þær munu hafa á úthlutanir úr sjóðnum, í samanburði við það sem verið hefur.

Heimild veitt til að boða til Teams-fundar á milli stjórnarfunda og leggja fyrir endanleg drög að reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ til samþykktar þannig að hægt verði að auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn.

### **3. Frá skrifstofu**

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni sem unnið er að á skrifstofu ÍSÍ þessar vikurnar, sbr. samantekt sem liggur fyrir í fundargögnum. Ráðningaskrifstofan Hagvangur vinnur nú að því að setja upp viðtöl við umsækjendur um stöðu lögfræðings, sem valdir hafa verið úr hópi umsækjenda. Alls voru umsækjendur 29 talsins.

### **4. Staða mála varðandi svæðaskrifstofur á landsvísu**

Forseti fór yfir stöðu mála. Sambandsþing UMFÍ verður haldið 20.-22. október nk. á Hótel Geysi og þar verður tillaga um málefnið lögð fram, sem er í samræmi við tillögu sem samþykkt var á Íþróttþingi ÍSÍ og hefur sama fyrirvara varðandi aðkomu ríkisins að fjármögnun verkefnisins. Einnig verður lögð fram breytingatillaga er lýtur að lengri binditíma við ríkið, ef samþykkt.

Vonir standa til að tillagan hljóti brautargengi á þinginu og yrði þá um einstæð tímamót að ræða fyrir hreyfinguna, ekki síst á landsbyggðinni.

### **5. Skipan í nefndir og vinnuhópa**

Forseti fór yfir skipan í nefnda og vinnuhópa og vísaði í umfjöllun stjórnar á 344. fundi hennar 21. september sl. Töf hefur orðið á skipun nefnda og ráða af ýmsum orsökum en tilnefningar, sem kallað var eftir frá sambandsaðilum, fóru fram úr vonum.

Umræður urðu um málið. Framkvæmdastjóri og formenn viðkomandi hópa og ráða munu funda um málið og leggja fram tillögur um úrlausnir. Á meðan verður fundargerð síðasta fundar opin til breytinga og samþykktar á næsta fundi stjórnar.

### **6. Vinnufundur framkvæmdastjórnar – úrvinnsla**

Forseti sagðist ánægður með vinnufund stjórnar og hvernig til tókst. Stjórnarfolk tók undir þau orð og kom fram að almenn ánægja var með erindin sem flutt voru, umræður og niðurstöður.

Ítarleg fundargerð frá fundinum liggur fyrir en hún er eingöngu til upprifjunar fyrir þátttakendur á því sem þar var fjallað um og ákveðið en ekki til birtingar á miðlum ÍSÍ.

### **7. Formannafundur ÍSÍ 2023**

Fundurinn fer fram í Framheimilinu í Úlfarsárdal 24. nóvember nk. og hefst fundurinn kl. 15:30.

Rætt um dagskrá fundarins og þá efnisþætti sem framkvæmdastjórn ÍSÍ getur kynnt á fundinum. Samþykkt að nýta tímann frá kl. 13:30 – 15:00 til að kynna málefni sem helst brenna á hreyfingunni.

## 8. Íþróttamaður ársins 2023

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að viðburðurinn verður að þessu sinni fimmtudaginn 4. janúar 2024 á Hótel Hilton Nordica.

## 9. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum, 240. mál

Sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs skýrði frá frumvarpi frá mennta- og barnamálaráðherra, sem lýtur að breytingum á ýmsum lögum í þágu barna (sambætting þjónustu, o.fl.), í kjölfar setningu laga um farsæld barna.

Skrifstofu falið að vinna umsögn um frumvarpið og senda inn til nefndasviðs Alþingis.

## 10. Heiðranir

Engar tillögur um heiðranir liggja fyrir.

## 11. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- Fundargerð frá vinnufundi framkvæmdastjórnar í september
- Fundargerð laganefndar ÍSí frá 12. október 2023. **Afgreiðslu frestað fram að næsta fundi.**
- Fundargerð Verkefnasjóðs ÍSí frá 20. september 2023. **Tillaga sjóðsstjórnar um styrkveitingu samþykkt.**

## 12. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburðir sem framundan eru.

## 13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur stjórnar verður haldinn fimmtudaginn 23. nóvember og þar á eftir 7. desember, á hefðbundnum tíma. Forseti og framkvæmdastjóri skoða tímasetningar fyrir jólavíðburð í desember fyrir stjórn og maka.

## 14. Önnur mál

- *Ólympíuhópur ÍSí*

Hjördís Guðmundsdóttir fór yfir stöðu mála.

- *Sjálfbær íþróttamannvirki*

Samþykkt að málefnið verði hluti af kynningum fyrir Formannafundinn þann 23. nóvember. Þórey Edda mun flytja erindið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari